

72

VII. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

30. maí

Í stað 80% álags samkvæmt lögum nr. 86/1956 skal frá og með 30. maí 1958 innheimta gjald af innlendum tollvörutegundum með 150% álagi og tekur hækkinin því til þeirrar sölu og annarrar afhendingar á tollvörum, sem á sér stað frá og með 30. maí 1958.

VIII. Gjald af ferðagjaldeyri.

Í stað 15% gjalds samkvæmt lögum nr. 86/1956 skal Innflutningsskrifstofan frá og með 30. maí 1958 innheimta 20% af leyfisfjárhæð.

Gjöld á ferðagjaldeyri eru í heild sem hér segir: Fyrrnefnt 20% gjald, auk 1% leyfisgjalds til Innflutningsskrifstofu og 25% gjalds til ríkissjóðs, og loks 55% yfirfærslugjald greitt í banka, alls 101%. Fyrir gildistöku hinna nýju laga um útflutningssjóð o. fl. voru nefnd gjöld í sömu röð eins og hér segir: 15% + 1% + 25% + 16% = 57%.

IX. Önnur gjöld.

1. Eftir hinum nýju lögum um útflutningssjóð o. fl. skal til viðbótar 3% sölu-skattinum af viðskiptum, sbr. lög nr. 100/1948, lög nr. 112/1950 og lög nr. 82/1957, greiða 6%, eins og var samkvæmt lögum nr. 86/1956. Sjá 40. gr. laga nr. 33/1958.
2. Samkvæmt hinum nýju lögum nr. 33/1958, sbr. 41. gr. þeirra, skal greiða 10% af andvirði farmiða til og frá útlöndum, eins og gera bar samkvæmt lögum nr. 86/1956.
3. Þá skal greiða, sbr. 42. gr. laga nr. 33/1958, 10% af iðgjöldum váttryggingar-samninga, eins og gera bar samkvæmt lögum nr. 86/1956.

73

31. maí

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Rangárvallasýslu,
nr. 43 9. marz 1953.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegir eru þessir:

Ásahreppur:

1. *Háfsósbraut*, frá Suðurlandsvegi hjá Fífilbrekku við Kolavatn að Steinslæk.
2. *Ásmundarstaðavegur*, af Suðurlandsvegi við Selsand að Ásmundarstöðum.
3. *Sumarliðabæjarvegur*, af Suðurlandsvegi við Sandskörð um malargryfjur við Háagerði að Sumarliðabæ.
4. *Hellnatúnsvegur*, af Ásvegi að Hellnatúni.

Holtahreppur:

5. *Fosshólavegur*, frá Landvegi um Þjóðólfsþaga að Fosshólum.
6. *Laugalandsvetur*, frá Landvegi um Laugaland að Nefsholti.
7. *Marteinstunguvegur*, frá Landvegi um Marteinstungu að Götu.
8. *Ólveshólsvetur*, frá Landvegi hjá Köldukinn að Ólvesholti.
9. *Kaldárhólsvetur*, frá Hagabraut hjá Saurbæ að Kaldárholti.

10. *Lækjarvegur*, frá Hagabraut að Stúfholtshjáleigu um Læk að Akbraut.
11. *Litlu-Tunguvegur*, frá Suðurlandsvegi við Rauðalæk að Litlu-Tungu.
12. *Rauðalækjarvegur*, frá Suðurlandsvegi að Syðri-Rauðalæk.

73

31. maí

Landmannahreppur:

13. *Hryggjavegur*, af Ölvesholtsvegi sunnan við Köldukinn að Árbæjarvegi hjá Nónborg.
14. *Holtsmúlavegur*, af Landvegi gegnt Holtsmúla að Holtsmúla.
15. *Bjallavegur*, af Árbæjarvegi norðan við Bjallalæk um Hrólfsstaðahelli að Húsagarði.
16. *Útkróksvegir*, af Landvegi að Hjallanesi, Flagbjarnarholti og Vindási.
17. *Hvamsvegur*, af Landvegi móts við Múla að Hvammi.

Rangárvallahreppur:

18. *Hellubraut*, frá Suðurlandsvegi hjá dýralæknisbústaðnum gegnum Helluþorp að Helluvaði.
19. *Svinahagavegur*, frá Rangárvallavegi efri hjá Kaldbak að Svinhagalæk.
20. *Keldnavegur*, frá Rangárvallavegi efri, við sandgræðsluhlið, um Keldur að Reynifelli.

Hvolhreppur:

21. *Hvolsvallavegur*, gamli þjóðvegurinn, sem liggur gegnum þorpið á Hvolsvelli.
22. *Stórólfshvolsvegur*, frá Fljótshlíðarvegi að Stórólfshvoli.
23. *Árgilsstaðavegur*, frá Velli að Árgilsstöðum.

Fljótshlíðarhreppur:

24. *Breiðabólssstaðavegur*, af Fljótshlíðarvegi neðan Breiðabólssstaðar að Breiðabólssstað.
25. *Vatnsdalsvegur*, frá Fljótshlíðarvegi við Torfastaðagróf um Tumastaði og Tungu að Vatnsdal.
26. *Hlíðarendavegur*, frá Fljótshlíðarvegi, neðan Hlíðarenda að Hlíðarenda.
27. *Fljótaldalsvegur*, frá Fljótshlíðarvegi hjá Barkarstöðum að Fljótaldal.

Vestur-Landeyjahreppur:

28. *Eyjarvegur*, frá Suðurlandsvegi við Hvítanes um Ey að Berjanesi.
29. *Fíflholtsvegur*, frá Landeyjavegi syðri, vestan Fíflholtshverfis, um Fíflholt og Gerða að Norðurhjáleigu.
30. *Akureyjarvegur*, frá Landeyjavegi syðri, við Fljótsveg, að þinghúsinu í Akurey.
31. *Bergþórshvolsvegur*, af Syðri-Landeyjavegi sunnan Bergþórshvols að Bergþórshvoli.
32. *Sigluvíkurvegur*, frá Landeyjavegi syðri, við Fljótsveg, að Út-Landeyjavegi, vestan Skúmsstaða.
33. *Króksvegur*, af Út-Landeyjavegi, sunnan Þúfu, um Skeggjastaði að Vestri-Tungu.
34. *Hólsárvegur*, af Bakkabæjavegi hjá Ártúnum að Ytra-Hóli II.

Austur-Landeyjahreppur:

35. *Affallsvegur*, af Suðurlandsvegi norðan Voðmúlastaðahverfis um Kanastaði á þjóðveginn norðan Úlfsstaða.
36. *Krossvegur*, af Landeyjavegi syðri, norðan Voðmúlastaða, um Sel og Stóru-Hildisey, að uppþurrkunarskurði sunnan við Kross, með álmu að Krossi.
37. *Litlu-Hildiseyjarvegur*, af Landeyjavegi syðri, um Litlu-Hildisey að Fagurhóli.
38. *Hallgeirseyjarvegur*, af Landeyjavegi syðri austan við Affallsbrú syðri að Hallgeirsey.

- 73 39. *Snotruvegur*, af Landeyjavegi syðri, norðan Skíðbakka, um Skíðbakka að
31. maí Snotru.
40. *Ljótastaða-* og *Lágafellsvegur*, af Landeyjavegi syðri að Ljótarstöðum og Lágafelli.
41. *Hólmabæjavegur*, á Landeyjaveg syðri, norðan Miðeyjar, um Svanavatn að hreppamörkum Eyjafjallahrepps.

Vestur-Eyjafjallahreppur:

42. *Hólmabæjarvegur*, af Suðurlandsvegi austan Steinmóðarbæjarhólma suður að Dalsselsá norðan og vestan Dalssels um Borgareyrar að hreppamótum Vestur- og Austur-Eyjafjallahrepps hjá Svanavatni.
43. *Stóradalsvegur*, af Suðurlandsvegi á móts við Stóradal, að Stóradal.
44. *Heimalandsvegur*, frá Suðurlandsvegi að Heimalandi.
45. *Hólavegur* af Sandhólmaevegi hjá Efri-Kvíhólma um Efra-Hól að Syðri-Hóli.
46. *Hverfisvegur*, af Suðurlandsvegi austan Holts um Mið- og Syðstu-Grund milli Indriðakots og Björnskots á Suðurlandsveg austan Írár.

Austur-Eyjafjallahreppur:

47. *Leirnavvegur*, af Suðurlandsvegi vestan Hlíðar, fram hjá Berjaneskoti að Berjanesafleggjara, um Leirnahverfi og Miðbælishverfi, á Suðurlandsveg vestan Bakkakotsár.
48. *Raufarfellsvegur*, af Suðurlandsvegi austan Svaðbælisár, yfir Laugará að Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsárbrúar.
49. *Laugarvegur*, af Raufarfellsvegi við Lambafell að Seljavallalaug.
50. *Eyvindarhólavegur*, frá Suðurlandsvegi vestan Hrutafells að Eyvindarhólum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1958.

Hermann Jónasson.

Brynjólfur Ingólfsson.

74

31. maí

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 42 2. apríl 1928, sbr. samþykkt um breytingu á þeirri samþykkt, nr. 36 8. marz 1956.

1. gr.

Inn í 2. gr. samþykktarinnar bætist, á eftir 44. tl., í upptalningu veganna:

45. *Ásbúðavegur* í *Skagahreppi*: Af Þjóðveginum að Ásbúðum.
46. *Hólmavegur*: Af veginum hjá Króksseli að Hólma.
47. *Breiðavaðsvegur*: Af Þjóðveginum að Breiðavaði.
48. *Bakásavegur*: Frá Ásum að Kárastöðum (framlenging Bakásavegar, sbr. 21. tl.).
49. *Finnstunguvegur*: Frá Þjóðveginum að Finnsstungu.